



Fjaraskiptastofa

**Samráð um breytingar á mati á umtalsverðum markaðsstyrk
á þremur landfræðilegum mörkuðum og frekari
rökstuðningur fyrir óbreyttu mati á umtalsverðum
markaðsstyrk á einum landfræðilegum markaði**

(Markaðir 3a/2016 og 3b/2016)

29. nóvember 2023

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
2	MAT Á UMTALSVERÐUM MARKAÐSSTYRK Í SELTJARNARNESBÆ Á MARKAÐI 3A	3
2.1	Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Seltjarnarnesbæ í innanlandssamráði frá 15. september 2023	3
2.2	Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST	7
3	MAT Á UMTALSVERÐUM MARKAÐSSTYRK Í SELTJARNARNESBÆR Á MARKAÐI 3B	11
3.1	Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Seltjarnarnesbæ í innanlandssamráði frá 15. september 2023	11
3.2	Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST	15
4	MAT Á UMTALSVERÐUM MARKAÐSSTYRK Í SÚÐAVÍKURHREPPI Á MARKAÐI 3A	18
4.1	Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Súðavíkurhreppi í innanlandssamráði frá 15. september 2023	19
4.2	Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST	20
5	MAT Á UMTALSVERÐUM MARKAÐSSTYRK Í SÚÐAVÍKURHREPPI Á MARKAÐI 3B	21
5.1	Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Súðavíkurhreppi í innanlandssamráði frá 15. september 2023	21
5.2	Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST	22
6	MAT Á UMTALSVERÐUM MARKAÐSSTYRK Í VOPNAFJARÐARHREPPI Á MARKAÐI 3A	23
6.1	Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Vopnafjarðarhreppi í innanlandssamráði frá 15. september 2023	23
6.2	Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST	25
7	MAT Á UMTALSVERÐUM MARKAÐSSTYRK Í FLJÓTSDALSHREPPI Á MARKAÐI 3B	26
7.1	Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Fljótsdalshreppi í innanlandssamráði frá 15. september 2023	26
7.2	Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST	27

1 Inngangur

1. Þann 15. september 2023 efndi Fjarskiptastofa (FST) til samráðs um fyrri hluta frumdraga markaðsgreiningar á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang (markaður 3a) og miðlægan aðgang (markaður 3b) með fasttengingu. Náðu þau frumdrög til greininga á viðkomandi þjónustumörkuðum, landfræðilegrar greiningar og útnefningu aðila með umtalsverðan markaðsstyrk á tilteknum landfræðilegum mörkuðum.

2. Í dag er efnt til samráðs um seinni hluta frumdraga umræddrar markaðsgreiningar, þ.e. að því er varðar lýsingu á samkeppnisvandamálum, ákvörðun um hvort aðilar með umtalsverðan markaðsstyrk uppfylla lagaákvæði til að teljast vera hrein heildsölufyrirtæki og útfærslu á kvöðum á þau fyrirtæki sem teljast að mati FST vera með umtalsverðan markaðsstyrk á tilteknum landfræðilegum mörkuðum.

3. Í ljósi athugasemda sem bárust úr fyrra samráðinu, sem og í ljósi uppfærðra heildsölugagna vegna fyrri hluta ársins 2023, rannsakaði FST hvort framangreind sjónarmið og gögn myndu einhverju breyta varðandi útnefningu aðila með umtalsverðan markaðsstyrk á einhverjum hinna fjölmörgu landfræðilegu markaða málsins. FST bárust uppfærð heildsölugögn frá markaðsaðilum fyrir fyrri hluta ársins 2023 í október sl. Niðurstaða um útbreiðslu neta um mitt ár 2023 liggur hins vegar ekki fyrir. FST hefur heldur ekki nýrri upplýsingar um tengingar um farnetsbeina en hefur bætt þeim tengingum við tengingar um fastanet fyrir lok júní 2023 á sama hátt og gert var fyrir fastanetstengingar fyrir lok 2022. Upplýsingar um tengingar um farnetsbeina voru frá því í apríl 2023 og liggja þær upplýsingar því nær upplýsingum frá júní 2023 en desember 2022.

4. Niðurstaða framangreindrar rannsóknar er að ástæða þykir til að breyta mati á umtalsverðum markaðsstyrk á þremur landfræðilegum mörkuðum málsins, þ.e. í Súðavíkurbreppi, Vopnafjarðarhreppi og Fljótsdalshreppi. Hins vegar taldi FST, eftir ítarlega viðbótarrannsókn, ekki réttmætar ástæður til að breyta matinu varðandi Seltjarnarnesbæ.

5. Skjal þetta hefur að geyma umfjöllun um þessa fjóra landfræðilegu markaði sem hér með er lögð fram til samráðs samhliða seinni hluta frumdraga markaðsgreiningarinnar.


2 Mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Seltjarnarnesbæ á markaði 3a

6. Í ljósi þróunar á markaðshlutdeild Ljósleiðarans og Mílu í Seltjarnarnesbæ á markaði 3a, og annarrar þróunar, telur FST nauðsynlegt að skoða hvort ástæða sé til að breyta fyrri niðurstöðu FST um að Ljósleiðarinn teljist þar ekki með umtalsverðan markaðsstyrk.


2.1 Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Seltjarnarnesbæ í innanlandssamráði frá 15. september 2023

7. Eftirfarandi umfjöllun var í kafla 6.2.28 um Seltjarnarnesbæ:


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum



Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4,5G og 5G



„Í Seltjarnarnesbæ var heildarfjöldi tengdra heimtauga um 1.790 í árslok 2022. Seltjarnarnesbær er hluti af höfuðborgarsvæðinu, en fremur fámennur hluti þess. Sveitarfélagið var á mörkum þess að falla undir viðmið þau sem skilgreina svæði A, þar sem FST kemst hér að framan að því að þar ríki virk samkeppni. FST taldi hins vegar rétt að skilgreina þetta sveitarfélag sem sérstakan landfræðilegan markað, þar sem samkeppnisaðstæður verða skoðaðar einangrað frá öðrum landfræðilegum svæðum.

Mikil útbreiðsla ljósleiðara- og koparheimtauga er á svæðinu, eða 96% útbreiðsla tveggja fastaneta, en einnig nokkur og vaxandi útbreiðsla samhliða ljósleiðara eða um 30%. Þá er aðgangur að farneti mjög mikill og er útbreiðsla eins fastanets og eins farnets 100%. Ljósleiðari Ljósleiðarans á þessu svæði náði til 100% lögheimila og vinnustaða í árslok 2022 en um 30% lögheimila og vinnustaða höfðu aðgang að ljósleiðara Mílu á sama tíma.

FST gerir ráð fyrir því að Míla haldi áfram ljósleiðaravæðingu sinni á svæðinu á líftíma greiningarinnar en 20% af tengdum heimtaugum í sveitarfélaginu eru ennþá koparheimtaugar og stefnir Míla á að halda ljósleiðaravæðingu áfram á svæðinu samkvæmt útbreiðsluáætlunum félagsins. Miðað við áform Mílu sem fyrirtækið hefur upplýst FST um mun ljósleiðaraútbreiðsla fyrirtækisins vera komin í [...]¹ og væntanlega verður ljósleiðaravæðingu Mílu lokið á líftíma greiningarinnar í árslok 2028². Þetta er þó það sveitarfélag á

¹ Upplýsingar innan hornklofa eru felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um hornklofa hér eftir í skjalinu.

² [...].

höfuðborgarsvæðinu, að Kjósarhreppi undanskildum, sem Míla er lengst á eftir ljósleiðaravæðingu Ljósleiðarans og hægustu áformin virðast vera uppi af hálfu Mílu.

Mjög lítil notkun farnetsbeina er á þessu svæði miðað við mörg önnur, en hlutdeild tenginga um farnetsbeina er um 4% af bitastraumstengingum í sveitarfélaginu.

Í þessu sveitarfélagi einkennast aðstæður af kröftugri og fjölbreyttri smásölusamkeppni þar sem enginn smásali nýtur yfirburða og smásalinn með hæstu hlutdeildina er með 39% markaðshlutdeild (Sýn) og sá næsti með 31% (Síminn) og sá þriðji með 19% (Nova) og aðrir með 11%. Staða samkeppni á smásölustiginu er því góð á umræddu svæði á íslenskan mælikvarða.

Á heildsölumörkuðum starfa tveir sterkir aðilar, þ.e. Míla og Ljósleiðarinn. Á markaði aðgangs að heimtaugum er nokkur munur á hlutdeild aðila, eða 70% hjá Ljósleiðaranum á móti 30% hjá Mílu. Þá er samhliða útbreiðsla tveggja ljósleiðaraneta nokkur og fer vaxandi og var um 30% í árslok 2022. Þá er útbreiðsla tveggja fastaneta mjög mikil eða 96% og 100% ef horft er til útbreiðslu eins fastanets og eins farnets. Fram kemur í myndinni hér að ofan að markaðshlutdeild Ljósleiðarans hafi verið að aukast á kostnað Mílu að undanfögnu. Eins og fram kemur í kafla 5.5.2.5 er þó ýmislegt sem bendir til þess að staða Mílu gæti styrkst frekar en hitt á þessu svæði á líftíma greiningarinnar. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í 4. mgr. 18. gr. framangreindrar reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta segir að verulega há markaðshlutdeild eins fyrirtækis yfir nokkurt tímabil, eða yfir 50%, teljist vera sterk vísbending um umtalsverðan markaðsstyrk, nema í undantekningartilvikum. Hins vegar geti há markaðshlutdeild almennt aðeins virkað sem sterk vísbending um framangreint ef keppinautar geta ekki aukið framboð sitt nægjanlega til að mæta breytti eftirspurn sem stafa kann af verðhækkun þess fyrirtækis sem er með svo háa hlutdeild. Því hærri sem markaðshlutdeildin er og yfir lengri tíma, þeim mun líklegra er að hún geti gefið vísbendingu um umtalsverðan markaðsstyrk. Samkvæmt 5. mgr. er mikilvægt að hafa í huga að undir vissum kringumstæðum getur fjarskiptafyrirtæki með háa markaðshlutdeild ekki starfað að verulegu leyti óháð viðskiptavinum með sterka samningsstöðu, t.d. ef kaupendastyrkur er mikill. Ljóst er að smásalar eins og Nova, Hringdu og að einhverju leyti Sýn hafa þann valkost að færa sig á net Mílu ef Ljósleiðarinn reynir að misbeita styrk sínum á umræddu svæði. Þá gætu aðilar á borð við Símann, Sýn og Nova lagt enn meiri áherslu á umrædda farnetslausn við slíkar aðstæður.

Samkvæmt 7. mgr. ofangreinds ákvæðis kemur svo fram að ef markaðshlutdeild sé há, en undir 50%, skuli FST reiða sig á aðra mikilvæga markaðspætti til að meta umtalsverðan markaðsstyrk. Framkvæma beri ítarlegt mat á efnahagslegum einkennum viðkomandi markaðar áður en dregin er ályktun um tilvist umtalsverðs markaðsstyrks. FST telur að þetta eigi einnig við þótt hlutdeild sé yfir 50%, sérstaklega á tvíkeppnis- eða fákeppnismörkuðum, enda leiða 50% mörkin ekki sjálfkrafa til þess að um umtalsverðan markaðsstyrk sé að ræða. T.d. er ljóst að á tvíkeppnismörkuðum getur annað fyrirtækið verið með eitthvað yfir 50% og hitt eitthvað undir 50%. Það er töluvert önnur staða en ef eitt fyrirtæki er með í kringum 50% og t.d. fjöldi annarra fyrirtækja er með lága hlutdeild. Því er markaðshlutdeild aðeins eitt af mörgum viðmiðum sem horfa þarf til við mat á markaðsstyrk.

Þegar um tvíkeppnismarkað er að ræða er ekki sjálfgefið að ofangreindur munur á markaðshlutdeild leiði sjálfkrafa til þess að fyrirtækið með hærri hlutdeildina teljist vera í markaðsráðandi stöðu. T.a.m. gerði framkvæmdastjórn ESB athugasemdir við áform DBA um slíkt í danska málinu sem reifað er í kafla 5.1.10.7 hér að framan. Um var að ræða sveitarfélagið Ikast, þar sem Energi Ikast Fibernet var með 67% markaðshlutdeild og er hreint heildsölufyrirtæki. Eftir alvarlegar athugasemdir framkvæmdastjórnarinnar dró DBA þau áform til baka og taldi virka samkeppni ríkja í þessu sveitarfélagi.

Fjárhagslegur styrkur Mílu er mikill og hefur félagið fulla burði til að veita Ljósleiðaranum harða samkeppni á svæðinu. Eins og að ofan greinir er líklegt að hlutdeild Mílu hækki á líftíma greiningarinnar eftir því sem ljósleiðaraútbreiðslu fyrirtækisins vindur fram. Auk þess sækir Míla það fast að fá Nova í viðskipti á sínum fastanetum og telur FST líklegt að það gerist á líftíma greiningarinnar, þó erfitt sé að spá fyrir um það í hve miklum mæli það verður. Ekki þarf mikinn fjölda viðskiptavina Nova, sem verið hafa á Ljósleiðarneti Ljósleiðarans, til að færa sig á net Mílu svo þessi munur sem er í dag á markaðshlutdeildunum minnki eða hverfi jafnvel alveg. Þá hefur Sýn möguleika á að færa sig í auknum mæli af neti Ljósleiðarans á net Mílu, þó í minna mæli sé en Nova. Þegar Míla losnar undan kvöðum í þessu sveitarfélagi í kjölfar markaðsgreiningar þessarar er heldur ekki útilokað að félagið geti beitt sér af auknum þunga í samkeppninni.

Eins og fjallað var um í köflum 6.1.3.8 (Samantekt og ályktanir um helstu langtíma aðgangssamninga) og 6.1.5.9 (Lóðrétt samþætting) hefur Míla langtímasamning við Símann, stærsta smásalann á tengdum smásölumarkaði á þessu svæði. Eins og þar greinir eru ennþá til staðar hagsmunatengsl milli Símans og Mílu sem bera a.m.k. að hluta til einkenni lóðréttar samþættingar og eru víðtæk viðskiptatengsl milli félaganna, sem styrkir stöðu Mílu á svæðinu. Þótt markaðshlutdeild Símans sé með lægra móti í þessu sveitarfélagi en flestum öðrum, eða 31%, er ekki útilokað að Míla muni á líftíma greiningarinnar fá stærri skerf af viðskiptavinum Nova og Sýnar í sveitarfélaginu, sem myndi þá minnka þann mun sem nú er á milli hlutdeilda Ljósleiðarans og Mílu.

Þá er kaupendastyrkur gagnvart Mílu takmarkaður á svæðinu en töluverður gagnvart Ljósleiðaranum af hálfu Sýnar, Nova og Hringdu. Þá er líklegt að draga muni úr þeirri fjölgun viðskiptavina Símans á neti Ljósleiðarans sem verið hefur síðustu 2 árin þegar líður á líftíma greiningarinnar, ljósleiðaraútbreiðslu Mílu vindur fram og svigrúm Símans til að versla við aðra en Mílu minnkar. Sú þróun í markaðshlutdeild á viðkomandi heildsölumarkaði sem hefur verið síðustu misseri á þessu svæði getur því snúist fljótt við og það með umtalsverðum hætti. Sóknarfæri Mílu virðast auk þess vera meiri en Ljósleiðarans á þessu svæði á viðkomandi markaði.


Miðað við ofangreint, og sér í lagi þá góðu stöðu sem er á tengdum smásölumarkaði á þessu svæði og hárrar samhliða útbreiðslu fastaneta, telur FST ekki forsendur, hvorki miðað við núverandi stöðu eða út frá framsýnu sjónarhorni, fyrir því að útnefna Ljósleiðarann með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi landfræðilegum markaði. Ekki verður séð að Ljósleiðarinn geti hagað sér þarna án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Tilraunir til slíks gætu haft afleiðingar á öllu höfuðborgarsvæðinu, ef aðilar á borð við Nova, Sýn og Hringdu myndu snúa sér í auknum mæli að Mílu. Miðað við fjarhagslegan styrk Mílu gæti það félag einnig ákveðið að ljósleiðaravæða hraðar í sveitarfélaginu en

núverandi áform ganga út á. Gæti Míla eflaust lokið ljósleiðaraútbreiðslu sinni í sveitarfélaginu á innan við ári ákveði félagið það.


FST telur því að virk samkeppni sé til staðar á markaði 3a í Seltjarnarnesbæ og verði það út áformaðan líftíma greiningarinnar. Verða kvaðir þær sem hvílt hafa á Mílu því felldar brott á þessu svæði.“

2.2 Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnestengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum



Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4.5G og 5G



8. Í Seltjarnarnesbæ var heildarfjöldi tengdra heimtauga um 1.790 í árslok 2022 en voru komnar niður í um 1.710 um mitt ár 2023. Koparheimtaugum hefur farið fækkandi undanfarin misseri en koparheimtaugum sem ekki bera bitastraum fækkaði sérstaklega mikið í sveitarfélaginu á fyrri hluta ársins 2023 og segja má að slíkar heimtaugar séu því ekki lengur til staðar í sveitarfélaginu³. Gera má ráð fyrir að það sé tilkomið vegna niðurlagningar PSTN og FST lítur svo að henni sé lokið í sveitarfélaginu. Því er ekki von á frekari fækkun koparheimtauga vegna niðurlagningar PSTN í framtíðinni í Seltjarnarnesbæ. Hins vegar fækkaði VDSL tengingum einnig á þessu tímabili og það má búast við áframhaldandi fækkun koparheimtauga, en Míla gerir ráð fyrir að leggja niður koparkerfi félagsins í Seltjarnarnesbæ á árinu [...] ⁴.

³ [...]

⁴ Samkvæmt áætlun Mílu um niðurlagningu á koparkerfinu.

9. Seltjarnarnesbær er hluti af höfuðborgarsvæðinu, en fremur fámennur hluti þess. Byggðin á höfuðborgarsvæðinu (utan Kjósarhrepps) er samfelld og því má segja að byggðin á Seltjarnarnesi sé eins og hverfi innan höfuðborgarsvæðisins.

10. Mikil útbreiðsla ljósleiðara- og koparheimtauga er á svæðinu, eða 96% útbreiðsla tveggja fastaneta, en einnig nokkur og vaxandi útbreiðsla samhliða ljósleiðara. Ljósleiðari Ljósleiðarans á þessu svæði náði til 100% lögheimila og vinnustaða í árslok 2022. Miðað við gögn frá Mílu⁵ var ljósleiðaraútbreiðsla Mílu í lok árs 2022 36%⁶ og ef bætt er við því sem er merkt „Þegar komið í sölu“ og „Staðfest í sölu“ í gögnum Mílu⁷, sbr. heimasíðu Mílu seinni part nóvember 2023, var útbreiðsla Mílu komin í 43%. Þá eru á áætlun 79 íbúðir til viðbótar á þessu ári, sem þýðir um 48% útbreiðslu í lok 2023. Miðað við að Míla hyggst bæta við [...]. Samkvæmt því sem kemur fram í áætlun Mílu um niðurlagningu koparkerfisins má gera ráð fyrir því að Míla verði langt komin með að klára ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu við lok líftíma greiningarinnar.

11. Um mitt ár 2023 voru 15% af tengdum heimtaugum í sveitarfélaginu koparheimtaugar en voru 20% í árslok 2022. FST gerir ráð fyrir áframhaldandi fækkun koparheimtauga en síðustu 6 mánuði fækkaði koparheimtaugum óvenju mikið miðað við fyrri misseri og fækkaði þeim hlutfallslega mikið meira en bitastraumstengingum sem fækkuðu um 14% fyrstu 6 mánuði ársins 2023. Má rekja það til áðurnefndrar fækkunar á koparheimtaugum án bitastraums en ekki verður framhald á þeirri fækkun í sveitarfélaginu. Ef gert er ráð fyrir 20% árlegri fækkun koparheimtauga og að upptaka á ljósleiðara Mílu haldist óbreytt er ekki að sjá að staða Mílu komi til með að versna næstu ár og því telur FST að þessi þróun með lækkandi hlutdeild Mílu muni ekki halda áfram. Í ljósi sterkrar stöðu Símans á smásölumarkaðinum og þess samnings sem félögin hafa gert sín á milli má gera ráð fyrir að upptaka á ljósleiðara Mílu aukist með tímanum og að Míla nái hlutdeild sem er nær smásöluhlutdeild Símans, sem er 32% í Seltjarnarnesbæ en 37% á höfuðborgarsvæðinu í fastaneti. Seltjarnarnes er alveg sambyggt Reykjavík. Í þeim staðföngum þar sem ljósleiðari Mílu og Ljósleiðarans eru í boði er líklegt að Síminn muni halda því að viðskiptavinum sínum að nota ljósleiðara Mílu vegna ákvæða þjónustusamnings Mílu og Símans.

12. Seltjarnarnesbær er það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu, að Kjósarhreppi undanskildum, sem Míla er lengst á eftir ljósleiðaravæðingu Ljósleiðarans og hægustu áformin virðast vera uppi af hálfu Mílu, en þó eins og fram kemur hér að framan standa líkur til þess að Míla muni hafa ljósleiðaravætt þar að umtalsverðu leyti á líftíma greiningarinnar.

13. Aðgangur að farneti er mjög mikill og er útbreiðsla eins fastanets og eins farnets 100%. Mjög lítil notkun farnetsbeina er á þessu svæði miðað við mörg önnur, en hlutdeild tenginga um farnetsbeina er um 4% af bitastraumstengingum í sveitarfélaginu.

14. Í þessu sveitarfélagi einkennast aðstæður af kröftugri og fjölbreyttri smásölusamkeppni þar sem enginn smásali nýtur yfirburða og smásalinn með hæstu hlutdeildina er með 39%

⁵ <https://www.mila.is/framkvaemdir/aaetlanir-ljosleidara-og-ljosnets> og útbreiðsluáætlun Mílu.

⁶ Í fyrra samráði var miðað við upplýsingar úr GAF en erfiðlega hefur gengið að stemma gögn Mílu fullkomlega við gögn frá Þjóðskrá. Það getur leitt til vanmats á útbreiðslu Mílu. Í því ljósi var ákveðið að miða útreikninga um útbreiðslu Mílu við þær fjöldatölur sem félagið hefur tilgreint í sínum gögnum til FST.

⁷ gpon_sales og gpon_planned.

markaðshlutdeild (Sýn) og sá næsti með 32% (Síminn) og sá þriðji með 19% (Nova) og aðrir með 10% við mitt ár 2023. Staða samkeppni á smásölustiginu er því góð á umræddu svæði á íslenskan mælikvarða.

15. Á heildsölumörkuðum starfa tveir sterkir aðilar, þ.e. Míla og Ljósleiðarinn. Á markaði aðgangs að heimtaugum er nokkur munur á hlutdeild aðila, eða 74% hjá Ljósleiðaranum á móti 26% hjá Mílu. Þá er samhliða útbreiðsla tveggja ljósleiðaraneta nokkur og fer vaxandi og var um 36% í árslok 2022 og FST reiknar með að hún verði komin í 48% í lok 2023. Þá er útbreiðsla tveggja fastaneta mjög mikil eða 96% og 100% ef horft er til útbreiðslu eins fastanets og eins farnets. Fram kemur í myndinni hér að ofan að markaðshlutdeild Ljósleiðarans hafi verið að aukast á kostnað Mílu að undanfögnu. Eins og fram kemur í kafla 5.5.2.5 er þó ýmislegt sem bendir til þess að staða Mílu gæti styrkst frekar en hitt á þessu svæði á líftíma greiningarinnar. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

16. Í 4. mgr. 18. gr. framangreindrar reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta segir að verulega há markaðshlutdeild eins fyrirtækis yfir nokkurt tímabil, eða yfir 50%, teljist vera sterk vísbending um umtalsverðan markaðsstyrk, nema í undantekningartilvikum. Hins vegar geti há markaðshlutdeild almennt aðeins virkað sem sterk vísbending um framangreint ef keppinautar geta ekki aukið framboð sitt nægjanlega til að mæta breyttri eftirspurn sem stafa kann af verðhækkun þess fyrirtækis sem er með svo háa hlutdeild. Því hærri sem markaðshlutdeildin er og yfir lengri tíma, þeim mun líklegra er að hún geti gefið vísbendingu um umtalsverðan markaðsstyrk. Samkvæmt 5. mgr. er mikilvægt að hafa í huga að undir vissum kringumstæðum getur fjarskiptafyrirtæki með háa markaðshlutdeild ekki starfað að verulegu leyti óháð viðskiptavinum með sterka samningsstöðu, t.d. ef kaupendastyrkur er mikill. Ljóst er að smásalar eins og Nova, Hringdu og að einhverju leyti Sýn hafa þann valkost að færa sig á net Mílu ef Ljósleiðarinn reynir að misbeita styrk sínum á umræddu svæði. Þá gætu aðilar á borð við Símann, Sýn og Nova lagt enn meiri áherslu á umrædda farnetslausn við slíkar aðstæður.

17. Samkvæmt 7. mgr. ofangreinds ákvæðis kemur svo fram að ef markaðshlutdeild sé há, en undir 50%, skuli FST reiða sig á aðra mikilvæga markaðspætti til að meta umtalsverðan markaðsstyrk. Framkvæma beri ítarlegt mat á efnahagslegum einkennum viðkomandi markaðar áður en dregin er ályktun um tilvist umtalsverðs markaðsstyrks. FST telur að þetta eigi einnig við þótt hlutdeild sé yfir 50%, sérstaklega á tvíkeppnis- eða fákeppnismörkuðum, enda leiða 50% mörkin ekki sjálfkrafa til þess að um umtalsverðan markaðsstyrk sé að ræða. T.d. er ljóst að á tvíkeppnismörkuðum geta bæði fyrirtækin aldrei verið undir 50%. Það er töluvert önnur staða en ef eitt fyrirtæki er með í kringum 50% og t.d. fjöldi annarra fyrirtækja er með lága hlutdeild. Því er markaðshlutdeild aðeins eitt af mörgum viðmiðum sem horfa þarf til við mat á markaðsstyrk.

18. Þegar um tvíkeppnismarkað er að ræða er ekki sjálfgefið að ofangreindur munur á markaðshlutdeild leiði sjálfkrafa til þess að fyrirtækið með hærri hlutdeildina teljist vera í markaðsráðandi stöðu. T.a.m. gerði framkvæmdastjórn ESB athugasemdir við áform DBA um slíkt í markaðsgreiningardrögunum dönsku fjarskiptaeftirlitsstofnunarinnar.⁸ Um var að ræða

⁸Sjá álit framkvæmdarstjórnar ESB í máli DK/2021/2346, dags. 1. desember 2021, þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir við drögin og annars fasa rannsókn var hafin (e. phase II investigation).

sveitarfélagið Ikast, þar sem Energi Ikast Fibernet var með 67% markaðshlutdeild og er hreint heildsölufyrirtæki. Eftir alvarlegar athugasemdir framkvæmdastjórnarinnar dró DBA þau áform til baka og taldi virka samkeppni ríkja í þessu sveitarfélagi.

19. Fjárhagslegur styrkur Mílu er mikill og hefur félagið fulla burði til að veita Ljósleiðaranum harða samkeppni á svæðinu. Eins og að ofan greinir er líklegt að hlutdeild Mílu hækki á líftíma greiningarinnar, sérstaklega þegar líður á hana, eftir því sem ljósleiðaraútbreiðslu fyrirtækisins vindur fram. Auk þess sækir Míla það fast að fá Nova í viðskipti á sínum fastanetum og telur FST líklegt að það gerist á líftíma greiningarinnar, þó erfitt sé að spá fyrir um það í hve miklum mæli það verður. Ekki þarf mikinn fjölda viðskiptavina Nova, sem verið hafa á ljósleiðarneti Ljósleiðarans, til að færa sig á net Mílu svo þessi munur sem er í dag á markaðshlutdeildunum minnki umtalsvert. Þá hefur Sýn möguleika á að færa sig í auknum mæli af neti Ljósleiðarans á net Mílu, þó í minna mæli sé en Nova. Þegar Míla losnar undan kvöðum í þessu sveitarfélagi í kjölfar markaðsgreiningar þessarar er heldur ekki útilokað að félagið geti beitt sér af auknum þunga í samkeppninni.

20. Eins og fjallað var um í köflum 6.1.3.8 (Samantekt og ályktanir um helstu langtíma aðgangssamninga) og 6.1.5.9 (Lóðrétt samþætting) hefur Míla gert langtímasamning við Símamann, stærsta smásalann á tengdum smásölumarkaði á þessu svæði. Eins og þar greinir eru ennþá til staðar hagsmunatengsl milli Símans og Mílu sem bera a.m.k. að hluta til einkenni lóðréttrar samþættingar og eru víðtæk viðskiptatengsl milli félaganna, sem styrkir stöðu Mílu á svæðinu. Þótt markaðshlutdeild Símans sé með lægra móti í þessu sveitarfélagi en flestum öðrum, eða 32%, er ekki útilokað að Míla muni á líftíma greiningarinnar fá stærri skerf af viðskiptavinum Nova og Sýnar í sveitarfélaginu, sem myndi þá minnka þann mun sem nú er á milli hlutdeilda Ljósleiðarans og Mílu.

21. Þá er kaupendastyrkur gagnvart Mílu takmarkaður á svæðinu en töluverður gagnvart Ljósleiðaranum af hálfu Sýnar, Nova og Hringdu. Þá er líklegt að draga muni úr þeirri fjölgun viðskiptavina Símans á neti Ljósleiðarans sem verið hefur síðustu 2 árin þegar líður á líftíma greiningarinnar, ljósleiðaraútbreiðslu Mílu vindur fram og svigrúm Símans til að versla við aðra en Mílu minnkar. Sú þróun í markaðshlutdeild á viðkomandi heildsölumarkaði sem hefur verið síðustu misseri á þessu svæði getur því snúist fljótt við og það með umtalsverðum hætti. Sóknarfæri Mílu virðast auk þess vera meiri en Ljósleiðarans á þessu svæði á viðkomandi markaði.

22. Miðað við ofangreint, og sér í lagi þá góðu stöðu sem er á tengdum smásölumarkaði á þessu svæði og hárrar samhliða útbreiðslu fastaneta, telur FST ekki forsendur, hvorki miðað við núverandi stöðu eða út frá framsýnu sjónarhorni, fyrir því að útnefna Ljósleiðarann með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi landfræðilegum markaði, þrátt fyrir að hlutdeild félagsins hafi aukist nokkuð á fyrri hluta ársins 2023, en það á sér skýringar eins og að framan getur. Ekki verður séð að Ljósleiðarinn geti hagað sér þarna án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Tilraunir til slíks gætu haft afleiðingar á öllu höfuðborgarsvæðinu, ef aðilar á borð við Nova, Sýn og Hringdu myndu snúa sér í auknum mæli að Mílu. Miðað við fjárhagslegan styrk Mílu gæti það félag einnig ákveðið að ljósleiðaravæða hraðar í sveitarfélaginu en núverandi áform ganga út á. Gæti Míla eflaust lokið ljósleiðaraútbreiðslu sinni í sveitarfélaginu á innan við ári ákveði félagið það.

23. FST telur því að virk samkeppni sé til staðar á markaði 3a í Seltjarnarnesbæ og verði það út áformaðan líftíma greiningarinnar, þrátt fyrir framangreinda aukningu markaðshlutdeildar Ljósleiðarans á fyrri hluta ársins 2023. Á hún sér skýringar sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan, og telur FST að verulega muni hægja á þeirri aukningu á næstu mánuðum og misserum og að á seinni hluta líftímans sé líklegt að hún gangi til baka að nokkru eða jafnvel umtalsverðu leyti. Þarna stefnir t.a.m. í mun meiri samhliða ljósleiðaravæðingu en á flestum þeim svæðum sem Míla er með umtalsverðan markaðsstyrk á landsbyggðinni. Verða kvaðir þær sem hvílt hafa á Mílu því felldar brott á þessu svæði.

3 Mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Seltjarnarnesbæ á markaði 3b

24. Í ljósi þróunar á markaðsstyrk Ljósleiðarans í Seltjarnarnesbæ á markaði 3b telur FST nauðsynlegt að skoða hvort ástæða sé til að breyta niðurstöðu FST um mat á mögulegri markaðsráðandi stöðu í sveitarfélaginu.

3.1 Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Seltjarnarnesbæ í innanlandssamráði frá 15. september 2023

25. Eftirfarandi umfjöllun var í kafla 6.3.30 um Seltjarnarnesbæ:



„Á Seltjarnarnesi var heildar fjöldi bitastraumstenginga um 1.780 í árslok 2022, þar af um 1.710 í fastaneti og 70 tengingar í straumfæddum farnetsbeinum en ekkert sumarhús skráð í sveitarfélaginu. Míla er að bjóða VDSL þjónustu á svæðinu og var hlutfall VDSL af heildar fjölda bitastraumstenginga 16% en Míla veitir einnig bitastraumspjónustu um eigin

Ljósleiðaraheimtaugar. Þá veitir Ljósleiðarinn bitastraumsþjónustu á eigin ljósleiðaraheimtaugum.

Seltjarnarnesbær er hluti af höfuðborgarsvæðinu, en fremur fámennur hluti þess. Sveitarfélagið var ekki langt frá því að falla undir viðmið þau sem skilgreina svæði A, þar sem FST kemst hér að framan að því að þar ríki virk samkeppni. FST taldi hins vegar rétt að skilgreina þetta sveitarfélag sem sérstakan landfræðilegan markað, þar sem samkeppnisaðstæður verða skoðaðar einangrað frá öðrum landfræðilegum svæðum.

Mikil útbreiðsla ljósleiðara- og koparheimtauga er á svæðinu, eða 96% útbreiðsla tveggja fastaneta, en einnig nokkur og vaxandi útbreiðsla samhliða ljósleiðara eða um 30%. Þá er aðgangur að farneti mjög mikill og er útbreiðsla eins fastanets og eins farnets 100%. Ljósleiðari Ljósleiðarans á þessu svæði náði til 100% lögheimila og vinnustaða í lok 2022 en um 30% lögheimila og vinnustaða höfðu aðgang að ljósleiðara Mílu á sama tíma.

FST gerir ráð fyrir því að Míla haldi áfram ljósleiðaravæðingu sinni á svæðinu á líftíma greiningarinnar en 20% af tengdum heimtaugum eru ennþá koparheimtaugar og stefnir Míla á að halda ljósleiðaravæðingu áfram á svæðinu samkvæmt útbreiðsluáætlunum félagsins. Miðað við áform Mílu sem fyrirtækið hefur upplýst FST um mun ljósleiðaraútbreiðsla fyrirtækisins vera komin í [...] og væntanlega verður ljósleiðaravæðingu Mílu lokið á líftíma greiningarinnar í árslok 2028⁹. Þetta er þó það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu, að Kjósarhreppi undanskildum, sem Míla er lengst á eftir ljósleiðaravæðingu Ljósleiðarans og hægustu áformin virðast vera uppi af hálfu Mílu.

Ekki er mikil notkun farnetsbeina á þessu svæði miðað við mörg önnur, en hlutdeild tenginga um farnetsbeina er þó um 4% af bitastraumstengingum í sveitarfélaginu.

Í þessu sveitarfélagi einkennast aðstæður af kröftugri og fjölbreyttri smásölusamkeppni þar sem enginn smásali nýtur yfirburða og smásalinn með hæstu hlutdeildina er með 39% markaðshlutdeild (Sýn) og sá næsti með 31% (Síminn) og sá þriðji með 19% (Nova) og aðrir með 11%. Staða samkeppni á smásölustiginu er því góð á umræddu svæði á íslenskan mælikvarða.

Á heildsölumörkuðum starfa tveir sterkir aðilar, þ.e. Míla og Ljósleiðarinn. Á heildsölumarkaði er nokkur munur á hlutdeild aðila, eða 73% hjá Ljósleiðaranum á móti 27% hjá Mílu. Þá er samhliða útbreiðsla tveggja ljósleiðaraneta nokkur og fer vaxandi og var um 30% í árslok 2022. Þá er útbreiðsla tveggja fastaneta mjög mikil eða 96% og 100% ef horft er til útbreiðslu eins fastanets og eins farnets. Fram kemur í myndinni hér að ofan að markaðshlutdeild Ljósleiðarans hafi verið að aukast lítillega á kostnað Mílu að undanfögnu. Eins og fram kemur í kafla 5.5.2.5 er þó ýmislegt sem bendir til þess að staða Mílu gæti styrkst frekar en hitt á þessu svæði á líftíma greiningarinnar. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í 4. mgr. 18. gr. framangreindrar reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta segir að verulega há markaðshlutdeild eins fyrirtækis yfir nokkurt tímabil, eða yfir 50%, teljist vera sterk vísbending um umtalsverðan markaðsstyrk, nema í undantekningartilvikum. Hins vegar geti há markaðshlutdeild almennt aðeins virkað sem sterk vísbending um framangreint ef

⁹ [...].

keppinautar geta ekki aukið framboð sitt nægjanlega til að mæta breytttri eftirspurn sem stafa kann af verðhækkun þess fyrirtækis sem er með svo háa hlutdeild. Því hærri sem markaðshlutdeildin er og yfir lengri tíma, þeim mun líklegra er að hún geti gefið vísbendingu um umtalsverðan markaðsstyrk. Samkvæmt 5. mgr. er mikilvægt að hafa í huga að undir vissum kringumstæðum getur fjarskiptafyrirtæki með háa markaðshlutdeild ekki starfað að verulegu leyti óháð viðskiptavinum með sterka samningsstöðu, t.d. ef kaupendastyrkur er mikill. Ljóst er að smásalar eins og Nova, Hringdu og að einhverju leyti Sýn hafa þann valkost að færa sig á net Mílu ef Ljósleiðarinn reynir að misbeita styrk sínum á umræddu svæði. Þá gætu aðilar á borð við Símann, Sýn og Nova lagt enn meiri áherslu á umrædda farnetslausn við slíkar aðstæður.

Samkvæmt 7. mgr. ofangreinds ákvæðis kemur svo fram að ef markaðshlutdeild sé há, en undir 50%, skuli FST reiða sig á aðra mikilvæga markaðsþætti til að meta umtalsverðan markaðsstyrk. Framkvæma beri ítarlegt mat á efnahagslegum einkennum viðkomandi markaðar áður en dregin er ályktun um tilvist umtalsverðs markaðsstyrks. FST telur að þetta eigi einnig við þótt hlutdeild sé yfir 50%, sérstaklega á tvíkeppnis- eða fákeppnismörkuðum, enda leiða 50% mörkin ekki sjálfkrafa til þess að um umtalsverðan markaðsstyrk sé að ræða. T.d. er ljóst að á tvíkeppnismörkuðum getur annað fyrirtækið verið með eitthvað yfir 50% og hitt eitthvað undir 50%. Það er töluvert önnur staða en ef eitt fyrirtæki er með í kringum 50% og t.d. fjöldi annarra fyrirtækja er með lága hlutdeild. Því er markaðshlutdeild aðeins eitt af mörgum viðmiðum sem horfa þarf til við mat á markaðsstyrk.

Þegar um tvíkeppnismarkað er að ræða er ekki sjálfgefið að ofangreindur munur á markaðshlutdeild leiði sjálfkrafa til þess að fyrirtækið með hærri hlutdeildina teljist vera í markaðsráðandi stöðu. T.a.m. gerði framkvæmdastjórn ESB athugasemdir við áform DBA um slíkt í danska málinu sem reifað er í kafla 5.1.10.7 hér að framan. Um var að ræða sveitarfélagið Ikast, þar sem Energi Ikast Fibernet var með 67% markaðshlutdeild og er hreint heildsölufyrirtæki. Eftir alvarlegar athugasemdir framkvæmdastjórnarinnar dró DBA þau áform til baka og taldi virka samkeppni ríkja í þessu sveitarfélagi.

Fjárhagslegur styrkur Mílu er mikill og hefur félagið fulla burði til að veita Ljósleiðaranum harða samkeppni á svæðinu. Eins og að ofan greinir er líklegt að hlutdeild Mílu hækki á líftíma greiningarinnar eftir því sem ljósleiðaraútbreiðslu fyrirtækisins vindur fram. Auk þess sækir Míla það fast að fá Nova í viðskipti á sínum fastanetum og telur FST líklegt að það gerist á líftíma greiningarinnar, þó erfitt sé að spá fyrir um það í hve miklum mæli það verður. Ekki þarf mikinn fjölda viðskiptavina Nova, sem verið hafa á ljósleiðarneti Ljósleiðarans, til að færa sig á net Mílu svo þessi munur sem er í dag á markaðshlutdeildunum minnki eða hverfi jafnvel alveg. Þá hefur Sýn möguleika á að færa sig í auknum mæli af neti Ljósleiðarans á net Mílu, þó í minna mæli sé en Nova. Þegar Míla losnar undan kvöðum í þessu sveitarfélagi í kjölfar markaðsgreiningar þessarar er heldur ekki útilokað að félagið geti beitt sér af auknum þunga í samkeppninni.

Eins og fjallað var um í köflum 6.1.3.8 (Samantekt og ályktanir um helstu langtíma aðgangssamninga) og 6.1.5.9 (Lóðrétt samþætting) hefur Míla langtímasamning við Símann, stærsta smásalann á tengdum smásölumarkaði á þessu svæði. Eins og þar greinir eru ennþá til staðar einkenni lóðréttar samþættingar á milli Mílu og Símans a.m.k. að hluta til og eru viðtæk viðskiptatengsl milli félaganna, sem styrkir stöðu Mílu á svæðinu. Þótt markaðshlutdeild Símans sé með lægra móti í þessu sveitarfélagi en flestum öðrum, eða 31%,

er ekki útilokað að Míla muni á líftíma greiningarinnar fá stærri skerf af viðskiptavinum Nova og Sýnar í sveitarfélaginu, sem myndi þá minnka þann mun sem nú er á milli hlutdeilda Ljósleiðarans og Mílu.


Þá er kaupendastyrkur gagnvart Mílu takmarkaður á svæðinu en töluverður gagnvart Ljósleiðaranum af hálfu Sýnar, Nova og Hringdu. Þá er líklegt að draga muni úr þeirri fjölgun viðskiptavina Símans á neti Ljósleiðarans sem verið hefur síðustu 2 árin þegar líður á líftíma greiningarinnar, ljósleiðaraútbreiðslu Mílu vindur fram og svigrúm Símans til að versla við aðra en Mílu minnkar. Sú þróun í markaðshlutdeild á viðkomandi heildsölumarkaði sem hefur verið síðustu misseri á þessu svæði getur því snúist fljótt við og það með umtalsverðum hætti. Sóknarfæri Mílu virðast auk þess vera meiri en Ljósleiðarans á þessu svæði á viðkomandi markaði.

Miðað við ofangreint, og sér í lagi þá góðu stöðu sem er á tengdum smásölumarkaði á þessu svæði og háa samhliða útbreiðslu fastaneta, telur FST ekki forsendur, hvorki miðað við núverandi stöðu eða út frá framsýnu mati, fyrir því að útnefna Ljósleiðarann með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi landfræðilegum markaði. Ekki verður séð að Ljósleiðarinn geti hagað sér þarna án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Tilraunir til slíks gætu haft afleiðingar á öllu höfuðborgarsvæðinu, ef aðilar á borð við Nova, Sýn og Hringdu myndu snúa sér í auknum mæli að Mílu. Miðað við fjarhagslegan styrk Mílu þá gæti það félag einnig ákveðið að ljósleiðaravæða hraðar í sveitarfélaginu en núverandi áform ganga út á. Gæti Míla eflaust lokið ljósleiðaraútbreiðslu sinni í sveitarfélaginu á innan við ári ákveði félagið það.


FST telur því að virk samkeppni sé til staðar á markaði 3b í Seltjarnarnesbæ og verði það út áformaðan líftíma greiningarinnar. Verða kvaðir þær sem hvílt hafa á Mílu því felldar brott á þessu svæði.“

3.2 Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásölulutdeild: Kaup á bitastraum



Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4.5G og 5G



26. Í Seltjarnarnesbæ var heildarfjöldi bitastraumstenginga um 1.780 í árslok 2022 en voru komnar niður í um 1.770 um mitt ár 2023, þar af um 1.700 í fastaneti og 70 tengingar í straumfæddum farnetsbeinum en ekkert sumarhús skráð í sveitarfélaginu. Míla er að bjóða VDSL þjónustu á svæðinu og var hlutfall VDSL af heildarfjölda bitastraumstenginga 14% en Míla veitir einnig bitastraumsþjónustu um eigin ljósleiðaraheimtaugar. Þá veitir Ljósleiðarinn bitastraumsþjónustu á eigin ljósleiðaraheimtaugum.

27. Seltjarnarnesbær er hluti af höfuðborgarsvæðinu, en fremur fámennur hluti þess. Byggðin á höfuðborgarsvæðinu (utan Kjósarhrepps) er samfelld og því má segja að byggðin á Seltjarnarnesi sé eins og hverfi innan höfuðborgarsvæðisins.

28. Mikil útbreiðsla ljósleiðara- og koparheimtauga er á svæðinu, eða 96% útbreiðsla tveggja fastaneta, en einnig nokkur og vaxandi útbreiðsla samhliða ljósleiðara. Ljósleiðari Ljósleiðarans á þessu svæði náði til 100% lögheimila og vinnustaða í árslok 2022. Miðað við gögn frá Mílu¹⁰ var ljósleiðaraútbreiðsla Mílu í lok síðasta árs 36% og miðað við það sem er merkt „Þegar komið í sölu“ og „Staðfest í sölu“ í gögnum Mílu (af heimasíðu Mílu seinni part nóvember 2023) er útbreiðsla Mílu komin í 43% og þá er á áætlun 79 íbúðir til viðbótar á þessu ári, sem þýðir um 48% útbreiðslu í lok 2023. Miðað við að Míla [...]. Samkvæmt því sem kemur

¹⁰ <https://www.mila.is/framkvaemdir/aaetlanir-ljosleidara-og-ljosnets> og útbreiðsluáætlun Mílu.

fram í áætlun Mílu um niðurlagningu koparkerfisins má gera ráð fyrir því að Míla verði langt komin með að klára ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu á líftíma greiningarinnar.

29. Um mitt ár 2023 voru 15% af tengdum heimtaugum í sveitarfélaginu koparheimtaugar en voru 20% í árslok 2022. FST gerir ráð fyrir áframhaldandi fækkun koparheimtauga en síðustu 6 mánuði fækkaði koparheimtaugum óvenju mikið miðað við fyrri misseri og fækkaði þeim hlutfallslega mikið meira en bitastraumstengingum sem fækkaði um 14% fyrstu 6 mánuði ársins 2023. Ef gert er ráð fyrir 20% árlegri fækkun bitastraumstenginga, sem er frekar svartsýn spá miðað við undanfarin ár, og að upptaka á ljósleiðara Mílu haldist óbreytt er ekki að sjá að staða Mílu komi til með að versna næstu ár og því telur FST að þessi þróun með lækkandi hlutdeild Mílu muni ekki halda áfram. Í ljósi sterkrar stöðu Símans á smásölumarkaðinum og þess samnings sem félögin hafa gert sín á milli má gera ráð fyrir að upptaka á ljósleiðara Mílu aukist með tímanum og að Míla nái hlutdeild sem er nær smásöluhlutdeild Símans, sem er 32% í Seltjarnarnesbæ en 37% á höfuðborgarsvæðinu í fastaneti en 32% og 35% ef tekið er tillit til farnetstenginga.

30. Þetta er þó það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu, að Kjósarhreppi undanskildum, sem Míla er lengst á eftir ljósleiðaravæðingu Ljósleiðarans og hægustu áformin virðast vera uppi af hálfu Mílu, en þó eins og fram kemur hér að framan standa líkur til þess að Míla muni hafa ljósleiðaravætt þar að umtalsverðu leyti á líftíma greiningarinnar.

31. Ekki er mikil notkun farnetsbeina á þessu svæði miðað við mörg önnur, en hlutdeild tenginga um farnetsbeina er þó um 4% af bitastraumstengingum í sveitarfélaginu.

32. Í þessu sveitarfélagi einkennast aðstæður af kröftugri og fjölbreyttri smásölusamkeppni þar sem enginn smásali nýtur yfirburða og smásalinn með hæstu hlutdeildina er með 39% markaðshlutdeild (Sýn) og sá næsti með 32% (Síminn) og sá þriðji með 19% (Nova) og aðrir með 10% við mitt ár 2023. Staða samkeppni á smásölustiginu er því góð á umræddu svæði á íslenskan mælikvarða.

33. Á heildsölumörkuðum starfa tveir sterkir aðilar, þ.e. Míla og Ljósleiðarinn. Á viðkomandi heildsölumarkaði er nokkur munur á hlutdeild aðila, eða 75% hjá Ljósleiðaranum á móti 25% hjá Mílu við mitt ár 2023. Þá er samhliða útbreiðsla tveggja ljósleiðaraneta nokkur og fer vaxandi og var um 36% í árslok 2022. Þá er útbreiðsla tveggja fastaneta mjög mikil eða 96% og 100% ef horft er til útbreiðslu eins fastanets og eins farnets. Fram kemur í myndinni hér að ofan að markaðshlutdeild Ljósleiðarans hafi verið að aukast lítillga á kostnað Mílu að undanfögnu. Eins og fram kemur í kafla 5.5.2.5 er þó ýmislegt sem bendir til þess að staða Mílu gæti styrkst frekar en hitt á þessu svæði á líftíma greiningarinnar. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

34. Í 4. mgr. 18. gr. framangreindrar reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta segir að verulega há markaðshlutdeild eins fyrirtækis yfir nokkurt tímabil, eða yfir 50%, teljist vera sterk vísbending um umtalsverðan markaðsstyrk, nema í undantekningartilvikum. Hins vegar geti há markaðshlutdeild almennt aðeins virkað sem sterk vísbending um framangreint ef keppinautar geta ekki aukið framboð sitt nægjanlega til að mæta breytti eftirspurn sem stafa kann af verðhækkun þess fyrirtækis sem er með svo háa hlutdeild. Því hærri sem markaðshlutdeildin er og yfir lengri tíma, þeim mun líklegra er að hún geti gefið vísbendingu um umtalsverðan markaðsstyrk. Samkvæmt 5. mgr. er mikilvægt að hafa í huga að undir

vissum kringumstæðum getur fjarskiptafyrirtæki með háa markaðshlutdeild ekki starfað að verulegu leyti óháð viðskiptavinum með sterka samningsstöðu, t.d. ef kaupendastyrkur er mikill. Ljóst er að smásalar eins og Nova, Hringdu og að einhverju leyti Sýn hafa þann valkost að færa sig á net Mílu ef Ljósleiðarinn reynir að misbeita styrk sínum á umræddu svæði. Þá gætu aðilar á borð við Símann, Sýn og Nova lagt enn meiri áherslu á umrædda farnetslausn við slíkar aðstæður.

35. Samkvæmt 7. mgr. ofangreinds ákvæðis kemur svo fram að ef markaðshlutdeild sé há, en undir 50%, skuli FST reiða sig á aðra mikilvæga markaðspætti til að meta umtalsverðan markaðsstyrk. Framkvæma beri ítarlegt mat á efnahagslegum einkennum viðkomandi markaðar áður en dregin er ályktun um tilvist umtalsverðs markaðsstyrks. FST telur að þetta eigi einnig við þótt hlutdeild sé yfir 50%, sérstaklega á tvíkeppnis- eða fákeppnismörkuðum, enda leiða 50% mörkin ekki sjálfkrafa til þess að um umtalsverðan markaðsstyrk sé að ræða. T.d. er ljóst að á tvíkeppnismörkuðum geta bæði fyrirtækin aldrei verið undir 50%.. Það er töluvert önnur staða en ef eitt fyrirtæki er með í kringum 50% og t.d. fjöldi annarra fyrirtækja er með lága hlutdeild. Því er markaðshlutdeild aðeins eitt af mörgum viðmiðum sem horfa þarf til við mat á markaðsstyrk.

36. Þegar um tvíkeppnismarkað er að ræða er ekki sjálfsgefið að ofangreindur munur á markaðshlutdeild leiði sjálfkrafa til þess að fyrirtækið með hærri hlutdeildina teljist vera í markaðsráðandi stöðu. T.a.m. gerði framkvæmdastjórn ESB athugasemdir við áform DBA um slíkt í danska málinu eins og að framan greinir. Um var að ræða sveitarfélagið Ikast, þar sem Energi Ikast Fibernet var með 67% markaðshlutdeild og er hreint heildsölufyrirtæki. Eftir alvarlegar athugasemdir framkvæmdastjórnarinnar dró DBA þau áform til baka og taldi virka samkeppni ríkja í þessu sveitarfélagi.

37. Fjárhagslegur styrkur Mílu er mikill og hefur félagið fulla burði til að veita Ljósleiðaranum harða samkeppni á svæðinu. Eins og að ofan greinir er líklegt að hlutdeild Mílu hækki á líftíma greiningarinnar, sérstaklega þegar líður á hana, eftir því sem ljósleiðaraútbreiðslu fyrirtækisins vindur fram. Auk þess sækir Míla það fast að fá Nova í viðskipti á sínum fastanetum og telur FST líklegt að það gerist á líftíma greiningarinnar, þó erfitt sé að spá fyrir um það í hve miklum mæli það verður. Ekki þarf mikinn fjölda viðskiptavina Nova, sem verið hafa á Ljósleiðarneti Ljósleiðarans, til að færa sig á net Mílu svo þessi munur sem er í dag á markaðshlutdeildunum minnki umtalsvert. Þá hefur Sýn möguleika á að færa sig í auknum mæli af neti Ljósleiðarans á net Mílu, þó í minna mæli sé en Nova. Þegar Míla losnar undan kvöðum í þessu sveitarfélagi í kjölfar markaðsgreiningar þessarar er heldur ekki útilokað að félagið geti beitt sér af auknum þunga í samkeppninni. Í þeim staðföngum þar sem Ljósleiðarar Mílu og Ljósleiðarans eru báðir í boði er líklegt að Síminn muni halda því að viðskiptavinum sínum að nota Ljósleiðara Mílu vegna ákvæða þjónustusamnings Mílu og Símans. Líklegra er að það muni gerast í auknum mæli þegar á líður líftíma greiningarinnar og svigrúm Símans til kaupa af öðrum en Mílu minnkar.

38. Eins og fjallað var um í köflum 6.1.3.8 (Samantekt og ályktanir um helstu langtíma aðgangssamninga) og 6.1.5.9 (Lóðrétt samþætting) hefur Míla langtímasamning við Símann, stærsta smásalann á tengdum smásölumarkaði á þessu svæði. Eins og þar greinir eru ennþá til staðar einkenni lóðrétttrar samþættingar á milli Mílu og Símans a.m.k. að hluta til og eru víðtæk viðskiptatengsl milli félaganna, sem styrkir stöðu Mílu á svæðinu. Þótt markaðshlutdeild Símans sé með lægra móti í þessu sveitarfélagi en flestum öðrum, eða 32%,

er ekki útilokað að Míla muni á líftíma greiningarinnar fá stærri skerf af viðskiptavinum Nova og Sýnar í sveitarfélaginu, sem myndi þá minnka þann mun sem nú er á milli hlutdeilda Ljósleiðarans og Mílu.

39. Þá er kaupendastyrkur gagnvart Mílu takmarkaður á svæðinu en töluverður gagnvart Ljósleiðaranum af hálfu Sýnar, Nova og Hringdu. Þá er líklegt að draga muni úr þeirri fjölgun viðskiptavina Símans á neti Ljósleiðarans sem verið hefur síðustu 2 árin þegar líður á líftíma greiningarinnar, ljósleiðaraútbreiðslu Mílu vindur fram og svigrúm Símans til að versla við aðra en Mílu minnkar. Sú þróun í markaðshlutdeild á viðkomandi heildsölumarkaði sem hefur verið síðustu misseri á þessu svæði getur því snúist fljótt við og það með umtalsverðum hætti. Sóknarfæri Mílu virðast auk þess vera meiri en Ljósleiðarans á þessu svæði á viðkomandi markaði.

40. Miðað við ofangreint, og sér í lagi þá góðu stöðu sem er á tengdum smásölumarkaði á þessu svæði og háa samhliða útbreiðslu fastaneta, telur FST ekki forsendur, hvorki miðað við núverandi stöðu eða út frá framsýnu sjónarhorni, fyrir því að útnefna Ljósleiðarann með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi landfræðilegum markaði, þrátt fyrir framangreinda aukningu markaðshlutdeildar Ljósleiðarans á fyrri hluta ársins 2023. Á hún sér skýringar sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan, og telur FST að verulega muni hægja á þeirri aukningu á næstu mánuðum og misserum og að á seinni hluta líftímans sé líklegt að hún gangi til baka að nokkru eða jafnvel umtalsverðu leyti. Þarna stefnir t.a.m. í mun meiri samhliða ljósleiðaravæðingu en á flestum þeim svæðum sem Míla er með umtalsverðan markaðsstyrk á landsbyggðinni. Ekki verður séð að Ljósleiðarinn geti hagað sér þarna án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Tilraunir til slíks gætu haft afleiðingar á öllu höfuðborgarsvæðinu, ef aðilar á borð við Nova, Sýn og Hringdu myndu snúa sér í auknum mæli að Mílu. Miðað við fjarhagslegan styrk Mílu þá gæti það félag einnig ákveðið að ljósleiðaravæða hraðar í sveitarfélaginu en núverandi áform ganga út á. Gæti Míla eflaust lokið ljósleiðaraútbreiðslu sinni í sveitarfélaginu á innan við ári ákveði félagið það.


41. FST telur því að virk samkeppni sé til staðar á markaði 3b í Seltjarnarnesbæ og verði það út áformaðan líftíma greiningarinnar, þrátt fyrir framangreinda aukningu markaðshlutdeildar Ljósleiðarans á fyrri hluta ársins 2023. Á hún sér skýringar sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan, og telur FST að verulega muni hægja á þeirri aukningu á næstu mánuðum og misserum og að á seinni hluta líftímans sé líklegt að hún gangi að nokkru leyti eða jafnvel að umtalsverðu leyti til baka. Þarna stefnir m.a. í mun meiri samhliða ljósleiðaravæðingu en á flestum þeim svæðum sem Míla er með umtalsverðan markaðsstyrk á landsbyggðinni. Verða kvaðir þær sem hvílt hafa á Mílu því felldar brott á þessu svæði.

4 Mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Súðavíkurbæ og markaði 3a

42. Í ljósi þróunar á markaðsstyrk Snerpu og Mílu í Súðavíkurbæ og markaði 3a, og annarrar þróunar á fyrri hluta ársins 2023, telur FST nauðsynlegt að skoða hvort ástæða sé til að breyta fyrri niðurstöðu FST um að Míla teljist þar með umtalsverðan markaðsstyrk.

4.1 Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Súðavíkurhreppi í innanlandssamráði frá 15. september 2023

43. Eftirfarandi umfjöllun var í kafla 6.2.32 um Súðavíkurhrepp:



„Í Súðavíkurhreppi voru 142 virkar heimtaugar við árslok 2022. Bæði Míla og Snerpa hafa yfir ljósheimtaugum að ráða en yfir þriðjungur virkra heimtauga er á koparlínunum. Samhliða útbreiðsla tveggja ljósleiðaraneta er til 50% lögheimila og vinnustaða, en 59% þeirra hafa aðgang að fastanetum frá tveimur aðilum. Í heild nær útbreiðsla ljósleiðara til 75% heimila og vinnustaða.


Snerpa er lóðrétt samþætt fyrirtæki sem ræður yfir eigin heimtaugum, bitastraumskerfum sem byggja bæði á eigin ljósheimtaugum og koparlínunum leigðum af Mílu, og rekur einnig smásölu. Snerpa veitir einnig heildsöluaðgang að bitastraumspjónustu sinni og þar er aðgangur í boði að bæði bitastraum á VDSL yfir kopar og yfir ljós.

Í Súðavíkurhreppi er Snerpa ólíkleg til að ná 50% markaðshlutdeild á líftíma þessarar greiningar [...]. Félagið er smátt í sniðum og fjárfestingargeta þess er takmörkuð miðað við Mílu. Snerpa er um leið keppinautur og viðskiptavinur Mílu á markaði 3b og samkeppni Snerpu á smásölustiginu og árangur félagsins þar byggir m.a. á aðgangi að heimtaugum Mílu. Ólíklegt er því að markaðshlutdeild Mílu sem var 75% í árslok 2022 lækki umtalsvert á líftíma greiningarinnar. Sömuleiðis er aðgangur að heimtaugum Mílu mikilvægur fyrir samkeppni á tengdum mörkuðum, bæði bitastraum og smásölu.


FST metur því Mílu hafa stöðu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk í Súðavíkurbhreppi á markaði 3a og ólíklegt að sú staða breytist á líftíma greiningarinnar og þar með er þörf á að leggja viðeigandi kvaðir á félagið í sveitarfélaginu.“

4.2 Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum



Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4.5G og 5G



44. Í Súðavíkurbhreppi fækkaði virkum heimtaugum úr 142 við árslok 2022 í 139 við mitt ár 2023. Bæði Míla og Snerpa hafa yfir ljósheimtaugum að ráða en yfir þriðjungur virkra heimtauga var ennþá á koparlínunum við árslok 2022 en sjötti hluti virkra heimtauga við mitt ár 2023 var á koparlínunum. Samhliða útbreiðsla tveggja ljósleiðaraneta við árslok 2022 var til 50% lögheimila og vinnustaða, en 59% þeirra höfðu þá aðgang að fastanetum frá tveimur aðilum. Í heild náði útbreiðsla ljósleiðara til 75% heimila og vinnustaða við þann tímapunkt. Útbreiðsla við mitt ár 2023 liggur ekki fyrir.

45. Snerpa er lóðrétt samþætt fyrirtæki sem ræður yfir eigin heimtaugum, bitastraumskerfum sem byggja á eigin ljósheimtaugum og rekur einnig smásölu í viðkomandi sveitarfélagi. Snerpa veitir einnig heildsöluaðgang að bitastraumspjónustu sinni og þar er aðgangur í boði að bitastraum yfir ljós. Snerpa leigði áður koparheimtaugar af Mílu fyrir eigin bitastraum en er nú ekki lengur að leigja koparheimtaugar af Mílu í sveitarfélaginu.

46. Í Súðavíkurbhreppi hefur framgangur Snerpu í upptöku ljósleiðaraheimtauga félagsins verið meiri en gert var ráð fyrir í fyrra samráðinu, þar sem hlutdeild Snerpu hefur vaxið úr 25% við lok 2022 í 41% við mitt ár 2023. Því má telja líklegt að Snerpa nái 50% markaðshlutdeild á líftíma þessarar greiningar. Félagið er þó smátt í sniðum og fjárfestingargeta þess er takmörkuð miðað við Mílu. Snerpa er um leið keppinautur og viðskiptavinur Mílu á

Ljósleiðaraneti þess félags á markaði 3b og árangur félagsins í smásölu byggir að einhverju leyti á aðgangi að ljósbitastraumi Mílu.


47. Í ljósi vaxandi stöðu Snerpu í Súðavíkurbreppi, bæði hvað varðar markaðshlutdeild á viðkomandi markaði og útbreiðslu ljósleiðaraneta, metur FST því að virk samkeppni sé að komast á í Súðavíkurbreppi á markaði 3a og líklegt að slík virk samkeppni verði til staðar í sveitarfélaginu á viðkomandi markaði út áætlaðan líftíma greiningarinnar. Kvaðir þær sem hvílt hafa á Mílu í Súðavíkurbreppi eru því felldar niður.

5 Mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Súðavíkurbreppi á markaði 3b

48. Í ljósi þróunar á markaðsstyrk Snerpu og Mílu í Súðavíkurbreppi á markaði 3b, og annarrar þróunar á fyrri hluta ársins 2023, telur FST nauðsynlegt að skoða hvort ástæða sé til að breyta fyrri niðurstöðu FST um að Míla teljist þar með umtalsverðan markaðsstyrk.

5.1 Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Súðavíkurbreppi í innanlandssamráði frá 15. september 2023

49. Eftirfarandi umfjöllun var í kafla 6.3.34 um Súðavíkurbrepp:



„Í Súðavíkurbreppi voru 134 virkar bitastraumstengingar í árslok 2022, þar af 105 á fastanetum en 29 yfir straumfædda farnetsbeina. Bæði Míla og Snerpa hafa yfir ljósheimtaugum að ráða en nokkur hluti bitastraums er veittur með VDSL kerfum á koparlínunum. Samhliða útbreiðsla tveggja ljósleiðaraneta er til 50% lögheimila og vinnustaða,

en 59% þeirra hafa aðgang að fastanetum frá tveimur aðilum. Í heild nær útbreiðsla ljósleiðara til 75% heimila og vinnustaða.


Snerpa er lóðrétt samþætt fyrirtæki sem ræður yfir eigin heimtaugum, bitastraumskerfum sem byggja bæði á eigin ljósheimtaugum og koparlínunum leigðum af Mílu, og rekur einnig smásölu. Snerpa veitir einnig heildsöluaðgang að bitastraumspjónustu sinni og þar aðgangur í boði að bæði bitastraum á VDSL yfir kopar og yfir ljós. Nokkuð er um farnetstengingar í sveitarfélaginu sem sést á hlutdeildum 3b þegar farnetstengingar eru taldar með. Að teknu tilliti til farnetstenginga var markaðshlutdeild Mílu 51% á markaði 3b í árslok 2022.

Að mati FST telur stofnunin ólíklegt að markaðshlutdeild Snerpu í Súðavíkurbreytti nái 50% hlutdeild á næstu misserum [...]. Rekstur og efnahagur Snerpu er takmarkaður í samanburði við Mílu og þ.a.l. er fjárfestingargeta félagsins ekki eins mikil. Snerpa er um leið keppinautur og viðskiptavinur Mílu á markaði 3b og samkeppni Snerpu á smásölustiginu og árangur félagsins þar byggir m.a. á aðgangi að heimtaugum Mílu. Ólíklegt er því að hlutdeild Mílu sem nú er 65% á bitastraumi yfir fastlínur lækki umtalsvert á líftíma greiningarinnar. Markaðshlutdeild Símans, 59% á fastþjónustu styrkir stöðu Mílu en FST telur að greina megi einkenni lóðréttar samþættingar Mílu og Símans a.m.k. að hluta til. Aðgangur að bitastraumspjónustu Mílu er því mikilvægur fyrir smásölusamkeppni í sveitarfélaginu.


FST metur því Mílu hafa stöðu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk í Súðavíkurbreytti á markaði 3b og ólíklegt að sú staða breytist á líftíma greiningarinnar. Telur FST því nauðsynlegt að leggja viðeigandi kvaðir á Mílu í sveitarfélaginu.“

5.2 Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum



Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4.5G og 5G



50. Í Súðavíkurbhreppi voru 134 virkar bitastraumstengingar í árslok 2022, þar af 105 á fastanetum en 29 yfir straumfædda farnetsbeina. Bitastraumstengingum á fastaneti fjölga í 122 við mitt ár 2023 og er meginþorri fjölgunarinnar á bitastraumi yfir ljósleiðaraheimtaugar Snerpu. Bæði Míla og Snerpa hafa yfir ljósheimtaugum að ráða en hratt minnkandi hluti bitastraums er veittur með VDSL kerfum á koparlínunum. Samhliða útbreiðsla tveggja ljósleiðaraneta við árslok 2022 var til 50% lögheimila og vinnustaða, en 59% þeirra höfðu þá aðgang að fastanetum frá tveimur aðilum. Í heild náði útbreiðsla ljósleiðara til 75% heimila og vinnustaða við þann tímapunkt. Útbreiðsla við mitt ár 2023 liggur ekki fyrir.

51. Snerpa er lóðrétt samþætt fyrirtæki sem ræður yfir eigin heimtaugum, bitastraumskerfum sem byggja á eigin ljósheimtaugum og rekur einnig smásölu sem nýtir eigin innviði en einnig aðgang að bitastraum Mílu. Snerpa veitir heildsöluaðgang að bitastraumspjónustu sinni yfir ljós. Nokkuð er um farnetstengingar í sveitarfélaginu sem sést á hlutdeildum 3b þegar farnetstengingar eru taldar með. Að teknu tilliti til farnetstenginga var markaðshlutdeild Mílu 51% á markaði 3b í árslok 2022 en 43% við mitt ár 2023, á meðan hlutdeild Snerpu vex úr 28% í 38%.

52. Vöxtur í fjölda í bitastraumspjónustu hjá Snerpu var meiri en gert var ráð fyrir í fyrra samráðinu. Þó er rekstur og efnahagur Snerpu takmarkaður í samanburði við Mílu og þ.a.l. er fjárfestingargeta félagsins ekki eins mikil. Snerpa er um leið keppinautur og viðskiptavinur Mílu á markaði 3b og samkeppni Snerpu á smásölustiginu og árangur félagsins þar byggir m.a. á aðgangi að ljósheimtaugum Mílu. Aðgangur að bitastraumspjónustu Mílu er enn mikilvægur fyrir smásölusamkeppni í sveitarfélaginu, þar sem aðgangur að bitastraumspjónustu Snerpu er einungis á starfssvæði þess á Vestfjörðum á meðan aðgangssleið 3 hjá Mílu veitir smásöllum á viðkomandi markaði aðgang frá Reykjavík. Í ljósi breyttrar markaðshlutdeildar Snerpu á markaði 3b í Súðavíkurbhreppi metur FST að virk samkeppni sé komin á, eða hið minnsta stefni sterklega í þá átt, og líklegt að virk samkeppni verði í sveitarfélaginu á líftíma greiningarinnar.

53. Þær kvaðir sem hvílt hafa á Mílu í sveitarfélaginu er því felldar niður.


6 Mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Vopnafjarðarhreppi á markaði 3a

54. Í ljósi þróunar á markaðsstyrk Tengis og Mílu í Vopnafjarðarhreppi á markaði 3a, og annarrar þróunar á fyrir hluta ársins 2023, telur FST nauðsynlegt að skoða hvort ástæða sé til að breyta fyrri niðurstöðu FST um að ekkert fjarskiptafyrirtæki sé með umtalsverðan markaðsstyrk.


6.1 Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Vopnafjarðarhreppi í innanlandssamráði frá 15. september 2023

55. Eftirfarandi umfjöllun var í kafla 6.2.39 um Vopnafjarðarhrepp:


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum



Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4,5G og 5G



„Í Vopnafjarðarhreppi var heildarfjöldi heimtauga í notkun 338 í árslok 2022. Þar lagði Vopnafjarðarljós net en Tengir tók yfir verkefnið á árinu 2021 og nær net Tengis fyrst og fremst til dreifbýlis sveitarfélagsins. Nokkur hluti þéttbýli Vopnafjarðar er tengdur á ljósleiðara Tengis. Net Mílu í sveitarfélaginu byggir nær eingöngu á koparlínunum en stofnnet Mílu á ljósleiðarahringnum liggur um Vopnafjörð.

Notkun farnetsbeina er nokkur og um 14% bitastraumstenginga í sveitarfélaginu er um farnet.


Samhliða útbreiðsla fastaneta er lítil í sveitarfélaginu og skiptast tengingar því á milli ljósleiðaranets Tengis og koparnets Mílu, en Tengir hefur þó verið að leggja ljósleiðara í þéttbýliskjarnanum. Um 80% heimila og vinnustaða hafa aðgang að einu fastaneti og að minnsta kosti einu farneti með góðum styrk á merki, svo óbeinn samkeppnisþrýstingur frá farnetum er til staðar.

Þegar litið er til framtíðar er staða Mílu og Tengis nokkuð jöfn en þó þannig að Tengir hefur verið að auka markaðshlutdeild sína og hefur áform um áframhaldandi útbreiðslu ljósleiðaranets síns. FST telur því að virk samkeppni sé til staðar á markaði 3a í Vopnafjarðarhreppi og verði það út áformaðan líftíma greiningarinnar.


Í ljósi ofangreinds verða kvaðir þær sem hvílt hafa á Mílu því felldar brott á þessu svæði. „

6.2 Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastraum



Kaup á bitastraum og sala á 4G, 4.5G og 5G



56. Í Vopnafjarðarhreppi var heildarfjöldi heimtauga í notkun 338 í árslok 2022 en fækkaði í 303 við mitt ár 2023. Þar lagði Vopnafjarðarljós ljósleiðaranet, en Tengir tók yfir verkefnið á árinu 2021 og nær net Tengis fyrst og fremst til dreifbýlis sveitarfélagsins. Vaxandi hluti þéttbýlis Vopnafjarðar er tengdur á ljósleiðara Tengis. Net Mílu í sveitarfélaginu byggir nær eingöngu á koparlínunum en stofnnet Mílu á ljósleiðarahringnum liggur um Vopnafjörð. Umtalsverð fækkun hefur orðið á koparheimtaugum Mílu í sveitarfélaginu og þó nokkur vöxtur í fjölda heimtauga í notkun á ljósleiðaraneti Tengis. En sökum fækkunar heimtauga í notkun vex hlutdeild Tengis meira en nemur fjölguninni hjá Tengi. Mikil fækkun var í koparheimtaugum án bitastraums í sveitarfélaginu á fyrstu 6 mánuðum ársins 2023 og má því ætla að útfösun PSTN sé nánast lokið í sveitarfélaginu.

57. Notkun farnetsbeina er nokkur og um 14% bitastraumstenginga í sveitarfélaginu er um farnet.

58. Samhliða útbreiðsla fastaneta er lítil í sveitarfélaginu og skiptast tengingar því á milli ljósleiðaranets Tengis og koparnets Mílu, en Tengir hefur þó verið að leggja ljósleiðara í þéttbýliskjarnanum auk þess að eiga ljósleiðaratengingar í dreifbýlinu. Um 80% heimila og vinnustaða hafa aðgang að einu fastaneti og að minnsta kosti einu farneti með góðum styrk á merki, svo óbeinn samkeppnisprýstingur frá farnetum er til staðar. Útbreiðslutölur fyrir mitt ár 2023 liggja ekki fyrir, en líklegt má telja af þróuninni að Míla hafi þar unnið að niðurlögn kopartenginga á árinu 2023.

59. Þegar litið er til framtíðar verður að telja líklegt að Tengir haldi áfram að auka markaðshlutdeild sína. Félagið hefur áform um áframhaldandi útbreiðslu ljósleiðaranets síns á meðan Míla hefur áform um áframhaldandi niðurlögn koparkerfisins. FST telur ólíklegt að byggt verði annað ljósleiðaranet í Vopnafjarðarhreppi og að sú verði staðan út áformaðan líftíma greiningarinnar.


60. Í ljósi ofangreinds útnefnir FST því Tengir sem aðila með umtalsverðan markaðsstyrk í Vopnafjarðarhreppi og verða viðeigandi kvaðir lagðar á félagið.

7 Mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Fljótsdalshreppi á markaði 3b

61. Í ljósi þróunar á markaðsstyrk Tengis og Austurljóss í Fljótsdalshreppi á markaði 3b, og annarrar þróunar, á fyrr hluta ársins 2023, telur FST nauðsynlegt að skoða hvort ástæða sé til að breyta fyrri niðurstöðu FST um að ekkert fjarskiptafyrirtæki teljist með umtalsverðan markaðsstyrk.

7.1 Umfjöllun um mat á umtalsverðum markaðsstyrk í Fljótsdalshreppi í innanlandssamráði frá 15. september 2023

62. Eftirfarandi umfjöllun var í kafla 6.3.14 um Fljótsdalshrepp:



„Í Fljótsdalshrepp var heildarfjöldi bitastraumstenginga um 43 í lok 2022, þar af um 35 í fastaneti og 8 tengingar í straumfæddum farnetsbeinum. Míla er að bjóða VDSL þjónustu á svæðinu og var hlutfall VDSL af heildarfjölda bitastraumstenginga 5% en Míla veitir nánast


enga bitastraumspjónustu um ljósleiðara. Nova, Síminn og Sýn veita farnetspjónustu á svæðinu.

Austurljós er að taka við rekstri á bitastraumskerfinu á ljósleiðara Fljótdalshrepps af Tengi. FST telur litlar líkur á að Austurljós geti misbeitt stöðu sinni í sveitarfélaginu sem þjónustuaðili á heimtauganeti í eigu sveitarfélagsins þó fyrirtækið sé einkarekið og ekki undir kvöðum. Þjónusta sú sem sveitarfélagið ætlast til er tilkomin vegna samfélagsverkefnis og er Austurljós undir kröfum íbúa um að standa þannig að rekstri sínum í sveitarfélaginu. Þessi markaður er mjög smár, 43 tengingar, og hefur mjög lítið vægi á landsvísu.


Þó að FST telji að staða Austurljóss muni styrkjast verulega á gildistíma markaðsgreiningarinnar telur FST ekki tilefni til að útnefna Austurljós sem aðila með umtalsverðan markaðsstyrk í sveitarfélaginu. Fyrirtækið er afar smátt og hefur litla sem enga stærðar- né breiddarhagkvæmni. Þær kvaðir sem nú hvíla á Mílu á viðkomandi markaði eru því afnumdar í sveitarfélaginu.“

7.2 Breytingar fyrstu sex mánuði 2023 og niðurstaða FST


M3a Markaðshlutdeild




Samhliða net og útbreiðsla ljósleiðara




M3b Markaðshlutdeild




M3b markaðshlutdeild með farnetsstengingum



Smásöluhlutdeild: Kaup á bitastrum



Kaup á bitastrum og sala á 4G, 4,5G og 5G



63. Í Fljótsdalshrepp var heildarfjöldi bitastraumstenginga um 43 í lok 2022, þar af um 35 í fastaneti og 8 tengingar í straumfæddum farnetsbeinum. Um mitt ár 2023 voru bitastraumstengingar 37. Míla er að bjóða VDSL þjónustu á svæðinu og var hlutfall VDSL af heildarfjölda bitastraumstenginga 5% og önnur 5% eru hjá Mílu í bitastraumspjónustu um ljósleiðara. Nova, Síminn og Sýn veita farnetspjónustu á svæðinu.

64. Austurljós hefur tekið við rekstri á bitastraumskerfinu á ljósleiðara Fljótdalshrepps af Tengi. Austurljós var á árinu 2023 fengið af sveitarfélaginu til að vera þjónustuaðili á heimtauganeti í eigu sveitarfélagsins gegnum samning við HEF Veitur. Þjónusta sú sem sveitarfélagið ætlast til er tilkomin vegna samfélagsverkefnis og er Austurljós undir kröfum íbúa um að standa vel að rekstri sínum í sveitarfélaginu. Þessi markaður er mjög afar smár, eða aðeins 37 tengingar, og hefur hverfandi vægi á landsvísu. FST á ekki von að staða Austurljóss breytist á meðan Fljótsdalshreppur telur ekki ástæðu til að fá annan aðila til að reka ljósleiðaranet sitt.

65. Staða Austurljóss hefur hins vegar styrkst verulega á gildistíma markaðsgreiningarinnar í viðkomandi sveitarfélagi á markaði þessum. Félagið er lóðrétt samþætt, á ljósleiðaranet í jörðu þó það sé ekki í þessu sveitarfélagi, rekur eigin bitastraumspjónustu og er internetþjónustuaðili í smásölu. Í ljósi yfirgnæfandi markaðshlutdeildar, þó á mjög fámennum markaði sé, telur FST nú tilefni til að útnefna Austurljós sem aðila með umtalsverðan markaðsstyrk í sveitarfélaginu og leggja á það viðeigandi kvaðir.